

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerða nr. 130/1981 um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks og breytingu á þeirri reglugerð nr. 308/1990.

1. gr.

Reglugerðir nr. 130/1981 um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks og breyting á þeirri reglugerð nr. 308/1990 sem settar voru samkvæmt lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, falla úr gildi. Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 9. september 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna föngunar og vörslu óskilahunda og óskilakatta á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Hunda- og kattaegendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald á Fljótsdalshéraði, skulu greiða leyfisgjald skv. c-lið 4. gr., 7. gr. og 8. gr. í samþykkt nr. 795/2005 um kattahald og c-lið 3. gr., 6. gr. og 7. gr. í samþykkt nr. 793/2005 um hundahald á Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 3. gr. að upphæð kr. 5.850 á hvern hund við skráningu.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 4. gr. að upphæð kr. 5.100 á hvern kött við skráningu.

Innifalið í leyfisgjaldi er eingöngu sá kostnaður sem bæjarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, trygginga og aflesara. Allan annan kostnað sem til fellur vegna hunds eða kattar, skal greiða af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhættir og mengnarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Fljótsdalshéraði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 10.000 fyrir fyrsta skiptið sem hundur eða köttur er fangaður, í annað skiptið sem dýr er fangað skal greiða kr.